

Kennsluáætlun hausönn 2019

Danska 6. bekkur

Í dönsku í 6.bekk eru 2 kennslustundir á viku. Kennari er Elsa Sigrún Elísdóttir.

Vinnulag

Í kennslustundum í dönsku er lögð áhersla á málnotkun í víðu samhengi. Nemendur þjálfa upp hæfni í máli, lestri, ritun og hlustun. M.a.verður notast við kennslubækur, texta af neti auk ýmissa annarra verkefna sem kennari tekur til. Nemendur bera ábyrgð á að skrifa niður heimanám, jafnframt verður heimanám nemenda aðgengilegt á mentor.is.

Staða í námi er metin út frá verkefnum nemenda auk stuttum könnunum jafnt og þétt yfir önnina.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: Start lesbók og vinnubók.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Start	Lesbók og vinnubók Ýmis verkefni tekin af netinu eða úr öðrum verkefnabókum.	Nemandi getur Sýnt fram á þekkingu á dönskum hefðum og siðum og landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða.	Vinna í vinnubók. Í lok annar hafi nemandi kynnst nýju máli, geti sagt frá sér og áhugamálum sínum
Ritun		Nemandi getur:	Söfnum öllum verkefnum í möppu.

		skrifað stuttan texta um efni sem hann hefur þekkingu á	
Málfræði	Ýmis verkefni af neti. Grammatik	Nemandi getur: - gert mun á nafnorðum, sagnorðum og lýsingarorðum - notað en og et á réttum stöðum	
Talað mál og framsögn		Nemandi getur: - nýtt sér ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, tungumálaforrit og leitarforrit. - tileinkað sér réttar áherslur og framburð. - Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum. - Talað og skilið daglegt mál um málefni tengdum orðaforða í kennsluefni og haldið uppi einföldum samræðum	

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Matið fer fram bæði skriflega og munnlega, með stuttum samtölum á dönsku og með skriflegum tímaverkefnum.

Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir önnina þar sem fyllt er inn á hæfnikort nemenda í Mentor. Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok

Birt með fyrirvara um breytingar.

Með ósk um gott gengi,

Elsa Sigrún Elísdóttir